



## 10. stjórnarfundur LH

13. September 2019 kl. 16:00 Sörlastöðum Hafnafirði

*Mættir:* Lárus Ástmar Hannesson formaður, Sóley Margeirsdóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Oddrún Ýr Sigurðardóttir ritari, Ágúst Hafsteinsson, Stefán Logi Haraldsson og Eggert Claessen Hjartarsson úr aðalstjórn. Siguroddur Pétursson úr varastjórn, í fjárfundarbúnaði: Ómar Ingi Ómarsson og Lilja Björk Reynisdóttir úr varastjórn. **Fjarverandi:** Rósa Birna Þorvaldsdóttir og Þórdís Arnardóttir úr varastjórn. Berglind Karlsdóttir starfsmaður skrifstofu sat allan fundinn.

### 1. Formaður setti fund og var fundarstjóri

### 2. Samþykktir fundargerða

Samþykkt 9. fundargerðar stjórnar frestað.

### 3. Formaður Sörla kynnti starf félagshesthúsa í Sörla

Atli Már Ingólfsson formaður Sörla kynnti starf félagshesthús, hvernig það kom til og hvernig það gekk síðasta vetur. Hann sagði mikla ánægju hafa verið með verkefnið en fjárhagshliðin hafi verið flókin. Búið væri að sækja um styrk til Hafnafjarðarbæjar og reyna þannig að koma rekstri í félagshesthúsanna inn í rekstrarsamning við sveitafélagið eins og önnur íþróttafélög. Umsjónarmenn félagshesthúsins þær Auður Ásbjörnsdóttir og Guðbjörg A. Guðbjörnsdóttir útskýrðu einnig hvernig starfið færi fram og bentu m.a. á að foreldrar voru mjög tilbúinir að leggja sitt af mörkum til starfið geti gengið upp.

### 4. Skýrsla landsliðsþjálfara

Landsliðsþjálfari kynnti skýrsluna ásamt landsliðsnefnd og landsliðsþjálfara U21, eftir kynninguna voru umræður og stjórnarmenn gátu spurt út í skýrsluna.

### 5. Hæfileikamótun LH

Vilfríður Fannberg Sæþórdóttir starfsmaður á skrifstofu LH kynnti hugmyndir um útfærslu á hæfileikamótun/afrekshópum LH 13-17 ára.

### 6. „Æfa hestamennsku allt árið“

Karen Woodrow formaður æskulýðsnefndar LH kynnti hugmynd að stigskiptu kerfi í hestamennsku fyrir börn frá 6-12 ára sem getur stutt hestamannaféögin í að halda úti kennslu í hestamennsku á ársgrundvelli fyrir þennan aldurshóp, líkt og aðrar íþróttagreinar.



**7. Samstarf LH og FT – opinn fundur um keppismál**

Rætt var um sameiginlegan fund LH og FT „Eru knapar og dómarar að tala sama tungumál?“ almenn ánægja var með það framtak og umræðan í góðum farvegi

**8. FEIF þing (formgera vinnuhóp)**

Ákveðið að í vinnuhópnum fyrir FEIF þingið verði BK af skrifstofu og LÁH og SM úr stjórn.

**9. Litabók LH til HOI**

Samþykkt var að Horses of Iceland verkefnið gefi litabók LH út, endurhanni forsiðu, prenti og dreifi með því skilyrði að LH hafi aðgang að bókum þegar þarf.

**10. Uppskeruhátíð**

Rætt um undirbúning Uppskeruhátíðar.

**11. Landsmót 2022**

Farið yfir stöðuna á samningum við hestamannafélagið Sprett um Landsmót 2022.

**12. Fundardagar stjórnar og vinnuhelgi stjórnar**

Stjórn LH barst boð frá stjórn hestamannafélagsins Geysis á Uppskeruhátíð Geysis þann 23. nóvember. Samþykkt var að þiggja það boð og halda vinnuhelgi stjórnar í tengslum við það. Smáþykkt var að dagskrá stjórnar verði eftirfarandi út árið 2019:

4. október – stjórnarfundur

31. október – stjórnarfundur

1. nóvember – formannafundur

2. nóvember – Uppskeruhátíð

15. nóvember – fundur með nefndum LH

22.-23. nóvember – vinnuhelgi stjórnar Hvolsvelli / boð á Uppskeruhátíð Geysis

13. desember – stjórnarfundur

10. janúar – stjórnarfundur

31. janúar – 1. febrúar – FEIF þing Hótel Örk Hveragerði

**13. Starfsmannamál**

Samþykkt var að fela LÁH og SLH að ganga til samninga við Vilfríði Fannberg Sæþórsdóttur. Fyrirhugað er 70% starfshlutfall á skrifstofu LH og verður hennar verkefni m.a. að halda utan um hæfileikamótun LH/afrekshópa 13-17 ára sem verið er að setja af stað.



#### 14. Önnur mál

Engin önnur mál á dagskrá

*Engin önnur mál tekin fyrir, fundi slitið um 20:00*

*Fundargerð ritaði Hjörný Snorradóttir  
Sörlastaðir Hafnafirði 13. september 2019*